

IX. Hugurinn (II) ~

Eins og við höfum séð, eru fimm tilvistarsvið í alheiminum (sem einnig má skipta í sjö svið). Form jarðarinnar, sem er smámynd alheimsins, hefur sömu fimm sviðin. Í nokkrum sviðum eru hærri tilvistsvið algjörlega í dvala. Maðurinn á þessu tímaskeiði, birtir einungis *Vijnana maya kosha* og lægri tilverugildi.

Við höfum fengið innsýn í eðli stórheims *prana*, og höfum séð að nánast allt í þessu lífshafi tákna aðskildar einstaklingslífverur.

Sama á við stórheimshugann. Hvert *truti* hefur í sér allan stórheimshugann á sama hátt. Hver hluti tilvistargeisla hugarhafsins fer til allra annara hluta geislans, og þannig er hver hluti hans smámynd alheimshugans. Það er einstaklingshugurinn.

Alheimshugurinn er uppspretta allra stöðva *Prana*, á sama hátt og sólar *prana* er uppspretta tegunda jarðarlífsins. Einstaklings hugurinn er á sama hátt, uppruni allra einstaklingsbirtinga *prana maya kosha*. Sálin og einstaklingsandinn á hinu hæsta sviði, er því hin fullkomna mynd alls þess sem er lægra.

Á hinum fjórum hærri sviðum lífsins eru fjögur mismunandi stig vitundar, vökuvitund, drauma, svefns, og *Tureya*.

Eftirfarandi tilvitnanir úr *Prasnopnishat* eru upplýsandi.

"Saurayana Gargya spurði hann, 'Herra, í þessum líkama, hvað sefur og hvað vakir? Hvað af þessu tvennu sér draumanna? Hver hvílist? Í hvorum dvelur (birting) hið mögulega óbirta ástand?'

"Hann svaraði, 'Ó Gargya, eins og geislar sólarlagsins safnast í lýsandi skel, og birtist aftur og aftur, safnast allt saman í hugarskelina. Vegna þess heyrir maðurinn ekki, sér ekki, finnur hvorki bragð né lykt, tekur ekki, hefur ekki samúð, skilar ekki af sér, heldur ekki áfram. Sagt er að hann sofi. Eldar *prana* eru aðeins vakandi í líkama hans. *Apana* er *Garhapatya* eldurinn; *Vyana* er eldur hægri handar. *Prana* er *ahavanurya* eldur, sem kemur af *Garhapatya*. Það sem er jafnt alstaðar, fórn fæðu og lofts er *samana*. Hugurinn (*manas*) er fórnin (*vajmana*). *Udana* er ávöxtur fórnarinnar. Hann ber fórnina hvern dag til *Brahma*. Hér gleðst hin upplýsta vera (hugurinn) af miklu í draumum. Hvað sem hann sá, sér hann aftur eins og það væri raunverulegt; hvað sem var reynt í mismunandi löndum, úr ólíkum áttum, reynir hann það sama aftur og aftur – það séða og óséða, hið heyrða og óheyrða, það sem var hugsað eða ekki. Hann sér allt, birtast sem sjálf allra birtinga.

"Þegar hann er yfirtekinn af tilverunni, *taijas*, þá sér hin upplýsta vera enga drauma í því ástandi; þá á sér stað í líkamanum hvíld [draumlaus svefn].

''Í þessu ástandi, minn kærri nemi, er allt [sem er númerað að neðan] í hinu óséða *atma*, eins og fuglar sem velja sér tré til dvalar -- *prithivi* samsett og *prithivi* ósamsett; *apas* samsett og *apas* ósamsett; *taijas* samsett og *taijas* ósamsett; *vayu* samsett og *vayu* ósamsett; *akasa* samsett og *akasa* ósamsett; sjónin og hið sýnilega, heyrnin og hið heyrnlega, lyktarskynið og lyktin, bragðskynið og bragðið, snerting og hið snertanlega, málið og mælgín, hendur og og hvað sem grípa má, kynfærin og affall, fætur og það sem ganga má yfir, eiginleiki og það sem efa má, eiginleiki og þættir eiginhyggju, eiginleiki og minnisþættir, ljósið og það sem má upplýsa, *prana* og það sem heldur því saman.

''Sálin er *Vijnana atma*, sjáandinn, snertandinn, heyrandinn, lyktandinn, bragðandinn, efandinn, ákvarðandinn, sendiboðinn. Þessi sál [*Vijnana atma*] dvelur óséður, óbreytanlegur *atma* [*ananda*].

''Það eru fjögur *atma* -- lífið, hugurinn, sálin, andinn. Það afl sem liggur að baki stórheimskraftinum sem birtir sálina, hugann og lífið, er andinn.''

Með samsetningu er átt við *tatwa*, sem kemur í birtingu eftir fimmskiptinguna sem getið er um í fyrsta kafla. Hið ósamsetta er *tatwa* fyrir fimmskiptinguna.

Megingildi þessara tilvitnanna liggur í að gefa því stuðning sem áður verið sett fram. Næsti kafli útskýrir mikilvægustu verkun stórheimskrafts og hugar, það sem er að baki mannlegum athöfnum, og einnig er komið að öðrum mikilvægum sannleika.